

**Nd.**

**769. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp og að mestu leyti afleiðing sambandslaganna, er komið frá hv. efri deild.

Aðalbreytingin, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á að gerð sje á lögnum um skrásetning skipa frá 13. desember 1895, er fólgin í takmörkunum þeim, sem settar eru fyrir því, að skip geti orðið skrásett hjer á landi og öðlast með því rjett til að hafa íslenskan fána, sbr. 1. gr.

Enn fremur var gert ráð fyrir því, að sett væri á stofn hjer í Reykjavík sjerstök skrásetningarskrifstofa, sem hefði á hendi yfirendurskoðun á skrásetning skipa, sem áður heyrði undir aðalskrásetningarstofuna í Kaupmannahöfn, en er nú að sjálfsgöðu fiutt inn í landið.

Þessu hefir hv. efri deild breytt þannig, að hún hefir felt niður þessa skrásetningarskrifstofu, en ætlast hins vegar til, að fjármáladeild stjórnarráðsins hafi yfirumsjón með skrásetning skipa, og alt, sem að því lýtur, sje framkvæmt á þeirri skrifstofu.

Nefndin fellst á þessa breytingu hv. efri deildar og getur ekki annað sjeð en að þessu máli eigi að vera jafnvel borgið í þessum stað eins og þó farið væri að setja á stofn sjerstaka skrifstofu í þessu skyni.

En hins vegar dylst nefndinni það ekki, að sjerstakt skrifstofuhald mundi kosta ærið fje, miklu meira en því næmi, er kynni að þurfa að auka starfskrafta á skrifstofu fjármáladeildarinnar af völdum þess.

Enn sem komið er er skipaflotinn íslenski ekki heldur svo stór, og yfir umsjón og endurskoðun á skrásetning skipa þar af leiðandi engan veginn svo yfirgripsmikið starf, að eigi verði hjá því komist að setja á stofn dýra skrifstofu af þeim sökum.

Það mun að visu nokkuð skorta á það, að skrásetning skipa sje i svo góðu lagi hjer á landi sem æskilegt væri; en aðalorsökin til þess, sem ábótavant kann að vera i þessu efni, mun eiga rót sína að rekja til þess, að aðstoð sú, sem skrásetningarstjórnir úti um landið hafa haft til skipamælinga, hefir verið af skornum skammti, en þeir ekki nærri allir mælingafróðir.

Úr þessum ágalla er engu betur bætt með því að setja á stofn sjerstaka skrásetningarskrifstofu en að mál þetta sje falið skrifstofu fjármáladeildarinnar.

Þá hefir hv. efri deild hækkað nokkuð sektarákvæði frumvarpsins, bæði með tilliti til þess, að sektirnar voru upprunalega lágar, og svo hins, að verðgildi peninga hefir breytst.

Enn fremur hefir hv. efri deild bætt aftan við 1. gr. frumvarpsins ákvæði fyrir skip, sem löglega hafa verið tekin á skipaskrá fyrir 1. desember 1918, sama ákvæði, sem tekið hefir verið upp i frumvarpið um breytingu á siglingalögunum.

Loks hefir hv. efri deild gert mjög miklar orðabreytingar á frumvarpinu, sem miða til þess að færa það til betra máls.

Yfir höfuð getur nefndin fallist á allar þessar breytingar og telur þær til bóta.

Fyrri málsgrein 1. gr. þarf að breyta i samræmi við breytingu þá, sem þessi háttvirta deild hefir gert á 1. gr. frumvarpsins um breytingu á siglingalögunum.

Enn fremur vill nefndin gera lílils háttar orðabreytingu á 12. gr.

Nefndin ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarp þetta með eftirfarandi

## BREYTINGUM.

### 1. Við 1. gr. Fyrri málsgreinin orðist svo:

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og óðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða þau að fullnægja þeim skilyrðum, er þjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu  $\frac{2}{3}$  þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

### 2. Við 12. gr.

Fyrir orðin: »Það er bannað, að neitt sje ritað á skírteinið eða neinu breytt í því« komi:

Ekkert má rita á skírteinið eða breyta neinu í því.

Alþingi, 10. september 1919.

Björn Kristjánsson, Pjetur Ottesen, Sveinn Ólafsson.  
form. skrifari og framsögumaður.

Matth. Ólafsson.

Björn R. Stefánsson.